

Úrskurður

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 9/2009

Vélar og verkfæri ehf.

gegn

Samkeppniseftirlitinu

I.

Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila

Með bréfi, dagsettu 6. maí 2009, hafi Vélar og verkfæri ehf. (hér eftir nefndur áfrýjandi) kært ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2009 frá 8. apríl 2009. Í hinni kærðu ákvörðun komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að áfrýjandi hefði brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 með misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

Af hálfu áfrýjanda er þess aðallega krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Til vara er þess krafist að álögð stjórnvaldssekt verði felld niður. Til þrautavara er þess krafist að álögð stjórnvaldssekt verði lækkuð verulega

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

II.

Helstu málavextir

Í janúar 2008 barst Samkeppniseftirlitinu ábending þess efnis að áfrýjandi hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína á markaði fyrir höfuðlyklakerfi og þjónustu því tengdu. Einkum var í ábendingunni vísað til einkakaupaákvæða í samningum sem áfrýjandi gerði við endurseljendur. Einnig að áfrýjandi hafi beitt óeðlilegum þvingunum til þess að endursöluaðilar þjónusti eingöngu höfuðlyklakerfi sem áfrýjandi hafi einkaleyfi fyrir. Áfrýjandi er innflytjandi og seljandi höfuðlyklakerfis frá ASSA í Svíþjóð. Jafnframt því að selja og þjónusta uppsett kerfi, selur áfrýjandi ákveðnum söluaðilum efni í höfuðlyklakerfi og hafa þeir leyfi frá áfrýjanda til smíði og sölu á kerfislyklum og kerfissylindrum frá ASSA .

Með bréfi, dagsettu 18. janúar 2008, tilkynnti eftirlitið áfrýjanda að ákveðið hefði verið að hefja formlega athugun á efni ábendingarinnar. Var óskað eftir gögnum og sjónarmiðum áfrýjanda um markaðinn sem hann starfar á. Jafnframt var honum gefið tækifæri á að koma með athugasemdir vegna rannsóknarinnar. Þá óskaði eftirlitið eftir upplýsingum um heildartekjur af sölu á innfluttum höfuðlyklakerfum til endursöluaðila frá árinu 2002 til loka ársins 2007 frá fyrirtækjunum Vélum og verkfærum ehf., Byko hf., Húsasmiðjunni hf., Neyðarþjónustunni ehf., K. Þorsteinsson & Co ehf. og Láshúsinu ehf. Einnig var óskað eftir upplýsingum um heildartekjur viðkomandi fyrirtækja af sölu og þjónustu á höfuðlyklakerfum sem seld væru beint til neytenda eða annarra viðskiptavina. Bárust svör frá öllum fyrirtækjunum. Hinn 13. júní 2008 sendi Samkeppniseftirlitið áfrýjanda andmælaskjal þar sem komist var að þeirri frumniðurstöðu að áfrýjandi hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína og farið með því gegn 11. gr. samkeppnislaga. Athugasemdir áfrýjanda við andmælaskjalinu bárust eftirlitinu með bréfum, dagsettum 22. og 24. júlí 2008. Málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins er að öðru leyti lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess er þar segir.

Hinn 8. apríl 2009 tók Samkeppniseftirlitið ákvörðun í málinu. Ákvörðunarorðin eru svohljóðandi:

Vélar og verkfæri ehf. brutu gegn 11. gr. samkeppnislaga með þeim aðgerðum sem nánar er lýst í ákvörðun þessari.

Með vísan til rökstuðnings í ákvörðun þessari og með heimild í 37. gr. samkeppnislaga skulu Vélar og verkfæri ehf. greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 15.000.000 (fimmtán milljónir króna) vegna þessara brota.

Sektin skal greiðast í ríkissjóð eigi síðar en einum mánuði eftir dagsetningu þessarar ákvörðunar. Sé sektin ekki greidd innan þessa tíma skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar, sbr. 2. mgr. 37. gr. samkeppnislaga.

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Greinargerð Samkeppniseftirlitsins barst 27. maí 2009, athugasemdir áfrýjanda 9. júní 2009 og athugasemdir Samkeppniseftirlitsins 12. júní 2009.

III.

Helstu málsástæður málsaðila

Málsástæður áfrýjanda

Af hálfu áfrýjanda er að mestu leyti byggt á sömu málsástæðum og lagarökum og fram komu af hans hálfu við andmælskjal Samkeppniseftirlitsins. Hann gerir sérstakar athugasemdir við skilgreiningu markaða málsins, stöðu hans á markaði og meinta misnotkun hans á markaðsráðandi stöðu.

Áfrýjandi telur að hin kærða ákvörðu byggi á misskilningi Samkeppniseftirlitsins á þeim markaði sem áfrýjandi starfi á og á því hver séu einkenni og eiginleikar höfuðlyklakerfis. Þessu til stuðnings og skýringar vísi hann til álitsgerðar Þorsteins Siglaugssonar hagfræðings, dagsett 24. apríl 2009 (fylgiskjal nr. 2 með kæru). Séu þar færð greinagóð rök fyrir því ekki sé til staðar sjálfstæður markaður fyrir efni til að framleiða höfuðlyklakerfi, heldur fari sala grunnefnis (sylinderhús og innri sylinder) og kerfisútreikningar ávallt saman og sé kostnaður við kerfisútreikning innifalinn í verði

þeirra íhluta sem aðeins megi fá frá framleiðanda. Hvorugt sé mögulegt að selja án hins og sé því markaðsskilgreining sú sem eftirlitið notast við þegar af þeim sökum röng og þar af leiðandi allar niðurstöður sem dregnar séu af henni. Leiði þetta til ógildingar hinnar kærðu ákvörðunar.

Áfrýjandi bendir á að fara þurfi fram ítarlegt mat hverju sinni af hálfu stjórnvalds þegar ákveðið sé hvort skilgreina eigi markað út frá eftirspurnarhlið hans eða framboðshlið. Eðli þeirrar vöru eða þjónustu sem til skoðunar sé hljóti að skipta verulegu máli. Slíkt mat hafi ekki verið framkvæmt af hálfu Samkeppniseftirlitsins og því auðsýnilega um ágalla að ræða á skilgreiningu eftirlitsins á markaði. Áfrýjandi telur að vel megi skilgreina markað í máli þessu út frá framboðshlið hans. Að ljóst sé að aðrir aðilar á markaðinum gætu án mikillar fyrirhafnar eða tíma, hafið innflutning á höfuðlyklakerfum, hvort heldur sem er tilbúnum eða efni til framleiðslu þeirra.

Áfrýjandi mótmælir þeirri niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins að stakir lykjar og lásar, höfuðlyklakerfi og aðgangskerfi tilheyri ekki sama markaði þar sem eiginleikar og verð þessara mismunandi tegunda aðgangskerfa séu það ólík. Af því leiði að staðganga sé á milli stakra lykja og lása, höfuðlyklakerfa og rafrænna aðgangskerfa. Varðandi afstöðu Samkeppniseftirlitsins í hinni kærðu ákvörðun um að efni til framleiðslu á höfuðlyklakerfi tilheyri sérstökum markaði, hafnar áfrýjandi því að slíkur undirmarkaður sé til og vísar til framkominna sjónarmiða um það.

Áfrýjandi telur að í ljósi þeirrar skoðunar hans að markaðurinn í máli þessu sé aðgangskerfi, þá fari því fjarri að hann sé í markaðsráðandi stöðu á hinum skilgreinda markaði og raunar liggi fyrir í hinni kærðu ákvörðun að hlutdeild hans, sé aðeins tekið mið af höfuðlyklakerfum, 15-20%. Svo lítil hlutdeild veiti áfrýjanda ekki færi á því að starfa án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Áfrýjandi bendir á að ekki verði séð að í hinni kærðu ákvörðun hafi verið gerð tilraun til að leggja mat á markaðsstöðu hans á grunni viðurkenndra aðferða. Sú ályktun Samkeppniseftirlitsins að hann hafi einokunarstöðu á hinum skilgreinda markaði sé því ekki studd neinum gildum rökum.

Áfrýjandi telur að ástæða þess að fleiri aðilar hér á landi hafa ekki flutt inn efni í höfuðlyklakerfi stafi ekki af starfsháttum hans, heldur orsakast það af þeim ströngu skilyrðum sem erlendir framleiðendur setji þeim sem vilja selja þessi efni.

Áfrýjandi bendir einnig á að þau ákvæði sem Samkeppniseftirlitið telji að feli í sér ólögmat einkakaupaákvæði hafi verið sett í samninga við þjónustuaðila til að tryggja fyllsta öryggi og til að koma í veg fyrir misnotkun á mikilvægum viðskiptaupplýsingum. Hann telur að það felist í leyfissamningi hans að honum sé ætlað að vernda með skýrum hætti öryggi upplýsinga og orðspor vörumerkis. Væri ekki þörf á slíkri verndun, gæti áfrýjandi einfaldlega selt þjónustuaðilum vöruna gegn greiðslu og án frekari skilmála. Varan sé hins vegar þess eðlis að hún gangi ekki kaupum sölum eins og aðrar vörur, þar sem hún varði öryggi heimila fólks og mikilvægt sé að allir sem koma að uppsetningu, sölu og þjónustu kerfisins njóti trausts viðskiptavina og neytenda. Þá mótmælir áfrýjandi því að hægt sé að líta á það sem vísbendingu um ólögmati sammingsákvæðanna að hann hafi gert breytingar á þessum ákvæðum í nýlegum samningum. Ástæða brottfellingar þeirra var að ekki hafi verið hægt að búa við það óvissuástand sem skapaðist þegar rannsókn eftirlitsins hófst.

Áfrýjandi bendir á að samningar þeir sem mál þetta varði séu sérleyfissamningar. Með samningunum sé þjónustuaðila veitt heimild til að framleiða það höfuðlyklakerfi sem efnið sé ætlað í. Áfrýjandi gæti sjálfur séð um alla framleiðslu ef hann kysi svo. Hann ákvað að heppilegra væri að fleiri aðilar kæmu að framleiðslunni og varan væri þar með aðgengilegri.

Áfrýjandi telur að í málinu liggi fyrir að hann sé ekki í markaðsráðandi stöðu og að undantekning varðandi bannákvæði sérleyfissamninga sem vísað sé til í hinni kærðu ákvörðun eigi ekki við um hann.

Áfrýjandi bendir á að þar sem efni til framleiðslu á höfuðlyklakerfum njóti oft og tíðum einkaleyfisverndar telji hann enn mikilvægara að fyllsta öryggis sé gætt. Með því að banna þeim þjónustuaðila sem fá úthýst því verkefni að framleiða höfuðlyklakerfi að flytja inn samhliða og selja vöru samkeppnisaðila hans sé áfrýjandi að vernda vörumerkið og orðspor þess.

Áfrýjandi telur að ákvæði í samningum hans um einkakaup hafi ekki haft hamlandi áhrif á samkeppni. Því til stuðnings bendir hann á, að hann eigi í harðri samkeppni við reynslumikla samkeppnisaðila, velta og hagnaður samkeppnisaðila sé að líkindum til muna meiri en hans, framlegð hans hafi ekki hækkað og með aukinni tækni og þróun hafi hann verið að tapa markaðshlutdeild og samkeppnisaðilum fari sífellt fjölgandi.

Til stuðnings vara- og þrautavarakröfu sinni um að álögð sekt verði felld niður eða lækkuð verulega byggir áfrýjandi á öllum sömu málsástæðum og að framan eru raktar og því sem fram komi í svörum hans við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins.

Málsástæður Samkeppniseftirlitsins

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins er því haldið fram að hinn skilgreindi markaður sé markaður fyrir sölu á efni til þess að framleiða höfuðlyklakerfi. Að ekki sé staðganga á milli höfuðlyklakerfa annars vegar og stakra lykla og lása og rafrænna aðgangskerfa á nátengdum markaði málsins hins vegar. Þannig sé m.a. talið að nátengdur markaður málsins væri markaður fyrir sölu á tilbúnum höfuðlyklakerfum og þjónusta við kaupendur höfuðlyklakerfa. Sú niðurstaða styrki þá niðurstöðu að ekki sé staðganga á milli efna til að framleiða höfuðlyklakerfi og efna til að framleiða önnur aðgangskerfi.

Samkeppniseftirlitið bendir á að markað beri að skilgreina út frá eftirspurnarhlið hans enda komi fram í 1. mgr. 4. gr. samkeppnislaga að staðganga milli vöru eða þjónustu ráði því hver markaðurinn sé.

Samkeppniseftirlitið telur ljóst með vísan til þess, að ekki sé um sama kerfi að ræða og verðmismunar, að stakir lykjar og lásar séu ekki staðgönguvörur höfuðlyklakerfa. Einnig sé það ljóst að rafræn aðgangskerfi séu ekki á sama markaði og höfuðlyklakerfi. Því til stuðnings vísi eftirlitið meðal annars til niðurstaðna annarra samkeppnisyfirvalda í Evrópu. Þá telur eftirlitið að verð, eiginleikar og notkun sýni að um mismunandi markaði sé að ræða.

Samkeppniseftirlitið telur að niðurstaða sín í málinu byggi á fullnægjandi rökstuðningi og rannsókn. Vísar eftirlitið til niðurstaðna erlendar samkeppnisyfivalda í sambærilegum málum þar sem komist sé að þeirri niðurstöðu að ekki sé staðganga á milli mismunandi aðgangskerfa og grundvallast sú niðurstaða á verði vara, eiginleikum þeirra og fyrirhugaðri notkun.

Þá bendir Samkeppniseftirlitið á að jafnvel þótt litið sé svo á að á hinum tengda markaði væri staðganga á milli höfuðlyklakerfa, stakra lykla og lása og rafrænna aðgangskerfa leiði sú niðurstaða ekki til þess að staðganga sé á milli efna til að framleiða aðgangskerfi. Þeir þjónustuaðilar sem framleiða höfuðlyklakerfi þurfi sérstök efni og kerfisútreikninga til að framleiða slík kerfi og þau efni sem notuð séu til framleiðslu annarra aðgangskerfa hafi ekki sömu eiginleika og efni til framleiðslu höfuðlyklakerfa.

Samkeppniseftirlitið byggir á því að markaður málsins sé sala á efni til þess að framleiða höfuðlyklakerfi. Markaður sem sé nátengdur hinum skilgreinda markaði málsins sé markaður fyrir sölu á tilbúnum höfuðlyklakerfum og þjónusta (viðhald og rekstur) við kaupendur höfuðlyklakerfa. Áfrýjandi sé eina starfandi fyrirtækið á hinum skilgreinda markaði og hafi hann því einokunarstöðu á viðkomandi markaði. Áfrýjandi sé því í markaðsráðandi stöðu á skilgreindum markaði í skilningi ákvæðis 4. t. 1. mgr. 4. gr. samkeppnislaga.

Þá telur Samkeppniseftirlitið að fyrirtæki sem séu starfandi á nátengdum markaði, þ.e. markaði fyrir sölu á tilbúnum höfuðlyklakerfum og þjónustu (viðhald og rekstur) við kaupendur höfuðlyklakerfa, séu verulega háð áfrýjanda um innflutning og sölu á efni til að framleiða höfuðlyklakerfi þar sem allt efni til að framleiða höfuðlyklakerfi á Íslandi komi í gegnum áfrýjanda. Þar sem áfrýjandi sé starfandi á þessum nátengda markaði, og í ljósi þess að hann hafi lýst því yfir að á honum „*hvíli engin skylda*“ til að veita öðrum aðilum umboð til að þjónusta umrædd höfuðlyklakerfi og fyrirtækið hafi þannig getað setið eitt að þessum viðskiptum, megi telja að starfsemi hans á nátengdum markaði sé til þess fallin að styrkja stöðu áfrýjanda.

Samkeppniseftirlitið bendir á að rík skylda hvíli á markaðsráðandi fyrirtæki að gæta þess að athafnir þess raski ekki samkeppni. Þessi skylda taki jafnt til þess markaðar sem

viðkomandi fyrirtæki sé markaðsráðandi á og þeirra markaða sem séu í það nánnum tengslum við þann markað að unnt sé að beita hinum efnahagslega styrk á þeim. Ljóst sé að áfrýjandi sé eina fyrirtækið sem selji efni til að framleiða höfuðlyklakerfi. Að mati eftirlitsins sé fyrrnefnd skylda markaðsráðandi fyrirtækja sérstaklega skýr í þessu máli þar sem um sé að ræða fyrirtæki sem hafi einokunarstöðu á einum markaði sem sé nauðsynlegur fyrir starfsemi annars. Þá hafi áfrýjandi það í hendi sér hvaða fyrirtæki starfi á markaði fyrir sölu á tilbúnum höfuðlyklakerfum og þjónustu við kaupendur höfuðlyklakerfa.

Samkeppniseftirlitið bendir á að í samkeppnisrétti fari einkakaupasamningar markaðsráðandi fyrirtækis að jafnaði gegn ákvæði 11. gr. samkeppnislaga. Áfrýjandi gerði þrjá samninga við tiltekin fyrirtæki þar sem sé að finna ákvæði sem banna fyrirtækjunum að selja höfuðlyklakerfi frá öðrum framleiðendum en ASSA. Samkvæmt samningunum missa fyrirtækin heimild til að selja þessar vörur frá ASSA ef þau brjóta gegn banninu. Fyrirliggjandi tölvupóstur frá áfrýjanda sýni að brot á einkakaupaákvæðunum voru litin alvarlegum augum af hans hálfu og gögn málsins gefa til kynna að tilgangur ákvæðanna hafi verið að hefta samkeppni. Samningsákvæðin unnu því gegn möguleikum fyrirtækjanna að hefja innflutning í samkeppni við áfrýjanda og unnu gegn möguleikum annarra erlendra framleiðenda á höfuðlyklakerfum að ná fótfestu á íslenskum markaði. Samkeppniseftirlitið telur ljóst að umræddir samningar séu til þess fallnir að takmarka verulega samkeppni og viðhalda eða styrkja yfirburðarstöðu áfrýjanda á hinum skilgreinda markaði. Þá bendir eftirlitið á að ekki sé nauðsynlegt, til þess að sanna brot á ákvæði 11. gr. samkeppnislaga, að háttsemi áfrýjanda hafi haft skaðleg áhrif á samkeppni á viðeigandi mörkuðum. Þá beri að líta til þess að löng framkvæmd hér á landi sýni að einkakaupasamningar markaðsráðandi fyrirtækis séu til þess fallnir að raska samkeppni.

Varðandi þau sjónarmið áfrýjanda að einkakaupaákvæðin séu lögmæt bendir Samkeppniseftirlitið m.a. á að í einkakaupaákvæðunum sé ekki með neinum hætti vikið að öryggi upplýsinga eða aðferðum til að koma í veg fyrir misnotkun á mikilvægum viðskiptaupplýsingum. Þá mótmælir eftirlitið þeim sjónarmiðum áfrýjanda að samningarnir séu sérleyfissamningar og bendir á að ekki sé í samningunum vikið að þeirri viðskiptahugmynd sem meint sérleyfi ætti að byggja á, ekki sé fjallað um notkun á

vörumerkjum og síðast en ekki síst sé ekki vikið að neinum greiðslum vegna hins meinta sérleyfis.

Samkeppniseftirlitið mótmælir vara- og þrautavarakröfu áfrýjanda og bendir m.a. á að brot áfrýjanda séu alvarleg í eðli sínu, brotin voruðu í langan tíma og hafi verið litið svo á að slíkt horfi til þyngingar viðurlaga. Þá bendir eftirlitið á að sektarfjárhæð hafi verið ákveðin verulega lægri en hámarkssekt skv. 37. gr. samkeppnislaga. Álögð sekt sé því hófleg og í fullu samræmi við eðli þess brots sem sektarákvörðun byggist á.

IV.

Niðurstaða

1

Eins og rakið er hér að framan er áfrýjandi í máli þessu innflytjandi og seljandi höfuðlyklakerfa frá ASSA í Svíþjóð. Jafnframt því að selja og þjónusta uppsett kerfi, selur áfrýjandi ákveðnum söluaðilum efni í höfuðlyklakerfi og hafa þeir leyfi til smíði og sölu á kerfislyklum og kerfissylindrum. Ágreiningurinn snýst m.a. um skilgreiningu á markaðnum, markaðsráðandi stöðu áfrýjanda og hvort áfrýjandi hafi gert einkakaupasamninga við þjónustuaðila sína.

Í niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins er vöru- og þjónustumarkaðurinn í þessu máli skilgreindur þannig að efni til að framleiða höfuðlyklakerfi tilheyri sérstökum markaði. Jafnframt er á því byggt að höfuðlyklakerfi tilheyri sérstökum markaði og að ekki sé staðganga á milli þess markaðar og annarra tegunda aðgangskerfa t.d. rafrænum. Landfræðilegi markaðinn fyrir sölu á tilbúnum höfuðlyklakerfum og þjónustu því tengdri sé allt Ísland.

Áfrýjandi er eini aðilinn sem flytur inn efni til framleiðslu á höfuðlyklakerfum og því telur Samkeppniseftirlitið að hann hafi einokunarstöðu á þeim markaði og hafi efnahagslegan styrkleika til að hindra virka samkeppni á þeim markaði og geti að öllu

leyti starfað án þess taka tillit til viðskiptavina sinna og neytanda. Því teljist áfrýjandi í markaðsráðandi stöðu.

2

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur skilgreiningu Samkeppniseftirlitsins um að sala á efni til framleiðslu höfuðlyklakerfis tilheyri sérstökum markaði of þrönga. Hins vegar fellst hún á þau rök Samkeppniseftirlitsins í hinni kærðu ákvörðun að höfuðlyklakerfi tilheyri sérstökum markaði og jafnframt að ekki sé staðganga á milli þess markaðar og annarra aðgangskerfa í þeim mæli að það geti haft áhrif á markaðsskilgreininguna. Þá er einnig fallist á að landfræðilegi markaðurinn sé Ísland með þeim rökum sem fram koma í hinni kærðu ákvörðun.

3

Áfrýjandi hefur bent á að nýir aðilar geti án mikillar fyrirhafnar eða tíma komið inn á markaðinn, hvort heldur er með tilbúnum kerfum eða efni til framleiðslu þeirra og það hafi áhrif á verðlagningu á markaðnum. Hann hefur einnig bent á að fyrirtæki geti leitað út fyrir landsteinana við kaup á aðgangskerfum. Þetta leiði til þess að áfrýjandi ráði ekki markaðnum.

Við mat á stöðu áfrýjanda á markanum ber að huga að markaðshlutdeild og því skipulagi sem ríkir á markaðnum en þar er vísað til ýmissa atriða sem geta gefið vísbendingar um markaðsráðandi stöðu. Áfrýjunarnefnd getur að nokkru leyti fallist á fyrrgreind sjónarmið áfrýjanda en telur þó að ekki verði fram hjá því litið að hann er eini aðilinn sem flutt hefur efni til framleiðslu á höfuðlyklakerfum frá árinu 2002. Allir aðrir seljendur á markaðnum eru háðir áfrýjanda um efnisöflun og þar með talið kerfið sjálft. Vísbendingar liggja fyrir um að hægt sé að komast inn á markaðinn án verulegra vandkvæða en hins vegar verður að horfa til þess að efnahagslegur styrkleiki áfrýjanda er töluverður og hinn skilgreindi markaður veltir einungis tiltölulega lágum fjárhæðum á ári og því ekki miklir hagsmunir í því fólgna fyrir nýja aðila að koma inn á hann. Með vísan til þessa og að öðru leyti til þess sem fram kemur í hinni kærðu ákvörðun fellst

áfrýjunarnefnd á þá niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins að áfrýjandi sé í markaðsráðandi stöðu.

4

Áfrýjandi gerði þjónustusamninga við þá aðila sem leyfi fengu til að selja höfuðlyklakerfi frá honum. Í þeim samningum voru ákvæði sem bönnuðu viðsemjendum áfrýjanda að selja höfuðlyklakerfi frá öðrum framleiðendum en ASSA. Brot gegn þessu ákvæði leiddi til þess samkvæmt samningunum að viðkomandi aðili tapaði heimild sinni til að selja þessar vörur frá ASSA. Jafnframt liggur fyrir að áfrýjandi leit brot á þessum ákvæðum alvarlegum augum og sýndi við þeim sterk viðbrögð þegar þau komu upp. Sjónarmið áfrýjanda um að samningsákvæði þessi hafi eingöngu verið sett inn í samningana til að gæta öryggis vörumerkisins standast ekki m.a. vegna þess að búið er að afnema þessi ákvæði úr samningunum án þess að áfrýjandi telji að öryggi sé ábótavant. Fullnægjandi rök hafa ekki komið fram fyrir því að um sérleyfissamninga sé að ræða.

Áfrýjunarnefnd telur því að þessi samningsákvæði hafi verið sett inn í samninga áfrýjanda við söluaðila sína til þess að viðhalda og styrkja stöðu hans á markaðnum. Af þeim sökum er fallist á þá niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins að um einkakaupasamninga markaðsráðandi fyrirtækis sé að ræða sem séu til þess fallnir að útiloka samkeppni og fari í bága við 11. gr. samkeppnislaga.

5

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins segir að áfrýjandi skuli greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 15.000.000,-. Er sú ákvörðun studd með tilvísun í veltu áfrýjanda og þeirra varnaðaráhrifa sem sektum er ætlað að hafa. Áfrýjunarnefnd er sammála Samkeppniseftirlitinu um nauðsyn þess að tryggja varnaðaráhrif sekta en telur þó einnig rétt að horfa til stærðar viðkomandi markaðar og þeirra hagsmuna sem við hann eru tengdir.

Samkvæmt framangreindu og að öðru leyti með vísan til forsendna sektarákvörðunar Samkeppniseftirlitsins þykir rétt að áfrýjandi greiði kr. 10.000.000,- í stjórnvaldssekt. Skal sektin greiðast innan mánaðar frá uppkvaðningu úrskurðar þessa að telja. Afgreiðsla máls þessa hefur dregist vegna sumarleyfa nefndarmanna.

Úrskurðarorð

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2009, um að áfrýjandi hafi brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 er staðfest.

Áfrýjandi greiði kr. 10.000.000,- í stjórnvaldsekt innan mánaðar frá dagsetningu úrskurðar þessa.

Reykjavík, 6. júlí 2009

Lárus L. Blöndal

Anna Kristín Traustadóttir

Stefán Már Stefánsson

Rétt endurrit staðfestir: